

Yfirlit frjómælinga á Akureyri sumarið 2013

Frjómælingar hófust 19. apríl á þaki Borga v/Norðurslóð og stóðu allt til loka septembermánaðar en frá 1998 hafði gildran verið staðsett í Hafnarstræti. Í sumar gengu frjómælingar vel fyrir sig og voru engin tæknileg vandamál sem komu upp. Fyrri hluti maí var fremur kaldur og snjóá leysti seint og virðist það hafa haft áhrif á þær tegundir sem alla jafna eru að dreifa frjókornum sínum í maí.

Heildarfjöldi frjókorna var 3030 í rúmmetra lofti. Grasfrjó voru algengust eða 1530. Næst á eftir voru birkifrjó, 675, sem er vel yfir meðallagi (585). Asparfrjó voru hins vegar fá í ár eða 12 sem er langt undir meðallagi (109). Súrufrjó voru 56 sem er í meðallagi. Alls voru borin kennsl á 22 mismunandi frjó- og grógerðir í ár. Í töflunni hér fyrir neðan er yfirlit yfir allar frjó- og grógerðir sem greindar voru sumarið 2013 og þeim raðað eftir fjölda.

1. tafla. Frjó- og grógerðir á Akureyri sumarið 2013, raðað eftir fjölda

Frjó- eða grógerð	Latneskt heiti	Fjöldi frjókorna í m ³ lofti
Gras	<i>Poaceae</i>	1530
Birki	<i>Betula</i>	675
Fura	<i>Pinus</i>	152
Víðir	<i>Salix</i>	90
Stör	<i>Cyperaceae</i>	82
Sveipjurtir	<i>Apiaceae</i>	59
Súra	<i>Rumex</i>	56
Elfting	<i>Equisetum</i>	55
Lyng	<i>Ericales</i>	46
Rósaætt	<i>Rosaceae</i>	31
Fífill	<i>Taraxacum</i>	14
Ösp	<i>Populus</i>	12
Elri	<i>Alnus</i>	12
Beitilyng	<i>Calluna</i>	6
Körfulblóm	<i>Aster</i>	6
Netla	<i>Urtica</i>	4
Hæra	<i>Juncaceae</i>	4
Maðra	<i>Rubiaceae</i>	3
Greni	<i>Picea</i>	2
Kattartunga	<i>Plantago</i>	2
Lúpína	<i>Fabaceae</i>	2
Einir	<i>Juniperus</i>	1
Óþekkt / ógreinanlegar	<i>incognito</i>	177

Fyrsta frjókorn ársins mældist 29. apríl og reyndist ekki hægt að greina það. Síðan mældust ekki frjókorn aftur í lofti fyrr en 10. maí og var það víðifrjó.

Fyrsta asparfrjóðið mældist 28. maí og mældust þau daglega upp frá því í viku en eftir það stopult. Frjótala aspar fór hæst í 4 þann 3. júní. Heildarfjöldi asparfrjóa var 12 frjó sem er það næst minnsta sem mælst hefur á Akureyri, aðeins 2006 voru þau færri en það ár mældust 5 frjó.

Fyrsta birkifrjóðið mældist 29. maí sem er fremur seint. Birkifrjó héldu áfram að mælast daglega til 27. júní. Samkvæmt þrengstu skilgreiningu á frjótíma stóð hann yfir frá 3. júní til 19. júní eða í 17 daga. Hæst fór frjótala birkis í 144 þann 4. júní. Heildarfjöldinn varð 675 sem er vel yfir meðallagi áranna 1998-2012. Hlutfall birkifrjóa af heildarfjölda frjókorna í ár er 25%, en fyrri ár


hefur hlutfallið verið á bilinu 8-39% af heildarfjölda.

Fyrsta grasfrjóðið mældist 26. maí og mældust þau stopult fram í miðjan júnímánuð. Grasfrjó voru samfelld í lofti frá 21. júní fram í miðjan september, með einni undantekningu þó sem var 5. júlí. Þegar þrengsta skilgreining á frjótíma er notuð telst frjótími grasa hafa staðið yfir frá 26. júní til 29. ágúst eða í 65 daga. Frjótala grasa fór hæst í 192 þann 13. ágúst en mest var um grasfrjó í ágúst á Akureyri eða 820. Í júlí var heildarfjöldi grasfrjóa 522, 120 í júní og 65 í ágúst. Heildarfjöldi grasfrjóa sumarið 2013 varð 1530 sem er aðeins yfir meðallagi áranna 1998-2012. Hlutfall grasfrjóa af heildarfjölda frjókorna á árinu er því 51% en sá hlutur hefur mælst á bilinu 33% til 75% frá upphafi mælinga árið 1998.

Frjótala súru var yfirleitt mjög lág og fór hæst í 5 þann 7. júlí en mestur fjöldi súru mældist í júlí. Heildarfjöldi súrufrjóa var 56 sem er jafnt meðaltali áranna 1998-2012, það gerir 2% af heildarfjölda frjókorna í ár.



Flest voru frjókorn í lofti þann 13. ágúst, 200, en þann dag voru grasfrjó í hámarki og mældist frjótala grasa 192. Heildarfrjótalan fór alls fjórum sinnum yfir 100 í sumar. Frjókorn mældust aðeins einn dag í apríl, 12 dagar í maí voru frjókornalausir og frjókorn mældust alla daga í júní, júlí og ágúst. Alls voru níu dagar frjókornalausir í september. Frjókorn voru því í loft alla daga frá 14. maí til 15. september með einni undantekningu þann 27. maí en þá var mikil úrkoma.



1. mynd. Heildarfrjómagn og skipting í helstu frjógerðir á Akureyri 1998-2013

Þegar á heildina er litið reyndist júní vera frjóríkasti mánuðurinn með 1169 frjó í rúmmetra lofts, sem er vel yfir meðallagi árána 1998-2012, eins og sjá má í 2. töflu. Ágúst var með næstflest frjó eða 918, þar á eftir var júlí með 778 frjó. Heildarfjöldi frjókorna í júlí og ágúst var aðeins yfir meðallagi. September var með 95 frjó í rúmmetra lofts, maí einungis með 68 frjó og apríl einungis með eitt frjókorn. Eins og sjá má á 2. töflu er september aðeins undir meðallagi en bæði apríl og maí langt undir meðallagi. Þrátt fyrir það er heildarfrjómagn sumarsins aðeins yfir meðallagi og sumarið 2013 er orðið fimmta sumarið frá upphafi mælinga þar sem heildarfrjómagn fer yfir 3000, sjá einnig á 1. mynd.

2. tafla. Fjöldi frjókorna á Akureyri og meðaltal árána 1998-2012

Mánuður	2013	Meðaltal
Apríl	1	36
Maí	68	332
Júní	1169	659
Júlí	778	764
Ágúst	918	868
September	95	109
Samtals	3030	2748

Í október 2013
Lára Guðmundsdóttir

